

Breyttur blær á viðræðunum

— segja bæði Björgvin Sigurðsson og Eðvarð Sigurðsson

● Það er breyttur blær á viðræðunum, sögðu þeir báðir, Eðvarð Sigurðsson, form. Dagsbrúnar, og Björgvin Sigurðsson, framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Ís-

lands, þegar Visir ræddi við þá í morgun. — Hvorugur þeirra var þó hjartsýnn á það að verkfallið myndi leysast í þessari viku.

Að visu er ennþá verið að

tosast á um sömu atriði, en það er ekki alveg sama kyrrstaðan og áður, sagði Eðvarð. — Hann kvað þetta raunar augljóst, ef tillit væir tekið til þess, að sáttfundir voru haldnir á laugar- dag og í gær, þegar fundurinn stóð í rúmar átta klukkustundir, en í dag kl. 2 hefur aftur verið boðaður fundur.

Við höfum von um, að þetta sé eitthvað farið að hreyfast, en viðræðurnar eru nú opnari en verið hefur, sagði Björgvin. Hann kvað þó engar tilslákanir hafa orðið, a.m.k. ekki sem hægt væri að skýra frá opinberlega. — VJ.

„Sannleikurinn mun gera yður frjálsa“

Hæstu skattgreiðendur í Reykjavík segjast vera ánægðir með skattana — 6% afsláttur veittur frá útsvarstiga

SKATTSKRÁIN er komin millj. í tekjuútsvör og 93 — í Reykjavík greiða nú millj. í eignauútsvör. Auk skatta 28.204 einstaklingar þess samtals 219 milljónir og 1.320 félög, alls 934 í aðstöðugjöld. Veittur var milljónir króna, þar af 841 6% afsláttur í útsvörum.

Hæstu skattgreiðendur af félögum í Reykjavík:

AÐSTÖÐUGJÖLD:	Yfir 1 milljón
1. Samband ísl. samvinnufélaga	kr. 10.096.000,00
2. Eimskipafélag Íslands h.f.	— 9.800.900,00
3. Loftleiðir h.f.	— 4.811.900,00
4. Sláturfélag Suðurlands s.f.	— 3.979.700,00
5. Sölumiðstöð Hraðfrystihúsanna	— 2.719.200,00
6. Flugfélag Íslands h.f.	— 2.522.800,00
7. Hekla h.f.	— 1.857.200,00
8. Hótel Saga	— 1.654.500,00
9. Hafskip h.f.	— 1.529.200,00
10. Kassagerð Reykjavíkur h.f.	— 1.480.800,00
11. O. Johnson & Kaaber h.f.	— 1.375.000,00
12. Kaupfélag Reykjavíkur og nágr.	— 1.157.100,00
13. Kaffibr. O. Johnson & Kaaber h.f.	— 1.152.900,00
14. Véltekni h.f.	— 1.100.000,00
15. Ásbjörn Ólafsson h.f.	— 1.067.700,00
16. Síldar- og fiskimjölsværsm. h.f.	— 1.050.300,00
17. Mjólurfélag Reykjavíkur s.f.	— 1.048.300,00
18. Eggert Kristjánsson & Co. h.f.	— 1.041.900,00

ÚTSVÖR:	Yfir milljón
1. Eimskipafélag Íslands h.f.	kr. 19.371.200,00
2. Ólufélagið h.f.	— 11.027.500,00
3. Ólufélagið Skeljungur h.f.	— 6.426.900,00
4. Ölgerð Egils Skallagrímssonar h.f.	— 2.849.600,00
5. O. Johnson & Kaaber h.f.	— 2.111.800,00
6. Vífilfell h.f., gosdrykkjaverksm.	— 1.876.700,00
7. Ólufverzlun Íslands h.f.	— 1.683.900,00
8. Júpiter h.f.	— 1.612.500,00
9. I.B.M. World Trade Corp.	— 1.459.100,00
10. Gúmmivinnustofan h.f.	— 1.456.700,00
11. Hans Petersen h.f.	— 1.288.600,00
12. Silli & Vældi s.f.	— 1.208.600,00
13. Fálkinn h.f.	— 1.122.400,00
14. Nói, brjóstsykurgerð h.f.	— 1.048.600,00

Hæstu aðstöðugjöld einstaklinga

Á skattalistanum okkar á bls. 8 yfir hæstu einstaklinga eru aðstöðugjöldin ekki innifalin. Af tæknilegum ástæðum er þar tekin summa tekjuútsvars, tekjuskatts og eignarútsvars. — Hæstu aðstöðugjöld einstaklinga eru þessi:

1. Pálmi Jónsson, Ásenda 1	kr. 700.400,00
2. Snorri Halldórsson, Gunnarsbraut 42	— 576.100,00
3. Hreinn Halldórsson, Melhaga 16	— 421.700,00
4. Þorvaldur Guðmundsson, Háuhlíð 12	— 386.000,00
5. Sigurður Ólafsson, Teigagerði 17	— 380.500,00
6. Halldór Laxdal, Löngubrekku 12, Kóp.	— 353.400,00
7. Björgvin Schram, Sörlaskjólí 1	— 342.600,00
8. Ólafur C. S. Thorarensen, Bugðulæk 3	— 341.000,00
9. Jón Þórarinnsson, Langholtið 92	— 317.000,00
10. Guðbjörn Guðjónsson, Digranesvegí 89, Kóp.	— 313.300,00
11. Enid Soffía Mainolfi, Laugavegi 12 a	— 301.100,00
12. Kristján B. Þorvaldsson, Sigluvogi 6	— 300.000,00

Persónufrádráttur er 49 þúsund kr. fyrir einstaklinga, 70 þúsund fyrir hjón og 14 þúsund fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs á fram færi þeirra.

Þrjú skattgreiðendur í Reykjavík greiða yfir eina milljón kr. samtals í tekjuskatt, tekjuútsvar og eignauútsvar. 58 greiða yfir 400 þúsund kr. í skatta. Á bls. 8 í blaði þinu í dag er listi yfir 58 hæstu skattgreiðendur af einstaklingum í Reykjavík.

Visir ræddi við fimm hæstu skattgreiðendurna og lagði fyrir þá spurninguna: Hvernig finnst yður að greiða svona mikla skatta?

Voru þeir yfirleitt hinir ánægðustu.



Sigurgeir Svanbergsson, eigandi bílaleigunnar Vegaleiða:

„Góður þjóðfélagsborgari á að vinna vel fyrir þjóðfélagið. Mér finnst sömi að því að vinna fyrir svona miklum tekjum. Þær hafa hækkað miknið, einkum vegna vaxandi ferðamannafjölda, sem skiptir við fyrirtæki okkar.“



Einar J. Skúlason, verzlari með skrifstofuvélar:

„Það þýðir ekki að vera með vil. Einhverjir verða að bera kostnaðinn af rekstri hins opinbera. Ég veit ekki til þess, að skattar séu betri annars staðar í heiminum.“

Sigurður Ólafsson, lyfsali, Reykjavíkur Apóteki:

„Ég vantreysti ekki þeim, sem um þetta fjalla, að gera það rétt og vel. Það er aðeins einn skattur, sem mér finnst óréttlátur, og það er aðstöðugjaldið. Aðstöðugjald kemur ekki afkomu fyrirtækis við og það ætti að afnema.“

Þorvaldur Guðmundsson, forstjóri Síld og fiskis:

„Ég hef oftast verið með allra hæstu skattgreiðendum, frá því að

Listi yfir 58 hæstu skattgreiðendur
Sjá bls 8



ég byrjaði að reka fyrirtæki sjálfur fyrir 26 árum. Þó hafði ég heldur lækkað síðustu árin, en það gleður mig að vera nú aftur kominn í svona hátt sæti. Það er með skattinn eins og segir í Biblíunni: Sannleikurinn mun gera yður frjálsa.“



Ólvar Jakobsen, forstjóri ferðaskrifstofu:

„Það er eðlilegt, að menn borgi skatta eftir tekjum sínum. Tekjurnar stafa af öræfaferðunum, en útlendingar sækjast eftir þeim í vaxandi mæli. Ég var rétt í þessu að koma af ferðamálaráðstefnunni á Laugarvatni, og horfurnar eru góðar í ferðamálu okkar.“ HH.

Ólvaður unglingur hindrar sjúkraliðið í starfi

● Lögregluástoð þurfti til að sjúkraliðið gæti flutt alvarlega slasaðan mann úr Glaumbæ aðfaranótt sinnudags til nauðsynlegrar læknishjálpar, en skriflæti drukkings unglings hindruðu sjúkralutningsmennina í að flytja hinn slasaða.

Hinn slasaði hafði orðið fyrir stól, sem ólvaður gestur hafði fleygt niður af svölum annarrar hæðar í Glaumbæ og á gólfu fyrir neðan. Hafði stóllinn lent á höfði honum, og var sjúkrafreið kvödd á staðinn til þess að flytja manninn í skyndi til læknis.

En þegar sjúkrafreiðin var komin á staðinn, vatt sér að henni drukkinn unglingur, sem opnaði vélarhúsið og sleit úr sambandi kveikjuþræðina, en við það varð bifreiðin eðlilega ógangfær.

Hrekkur þessi uppgötvaðist sem betur fór strax og lögreglan hafði hendur í hári þiltsins. Var hann fluttur heim til foreldra sinna.

Hinn slasaði maður var fluttur á slysavardörfuna eftir litla töf og var þar gert að meðslum hans, en hann hafði hlotið áverka á höfuðið. Vor meisl hans talin svo alvarleg, að maðurinn var lagður inn á sjúkrahús til áframhaldandi læknismeðferðar. Þó var hann ekki talinn í hættu. — GP.



Það var mikil þröng á skattstofunni í morgun, og varð að hleypta inn í „hollum“.